

Starfsskýrsla



leikskólans Birkilundar

veturinn 2007-2008

Efni:

1.	Starfstími	2
2.	Leikur og starf	2
3.	Nemendafjöldi	7
4.	Starfsmannahald	7
5.	Aðalnámskrá leikskóla.....	8
6.	Skólanámskrá	8
7.	Annað skipulag	8
8.	Fundir og önnur samskipti	9
9.	Símenntun	10
10.	Tölvumál	12
11.	Próunarverkefni	12
12.	Mat á skólastarfi	13
13.	Framkvæmdir	13
14.	Gjafir	13

Fylgiskjöl:

1. Ársáætlun 2007-2008
2. Dagatal
3. Barnið í brennidepli

1. Starfstími

Starfsárið var frá 13. ágúst 2007 til 4. júlí 2008. Sett var upp almanak fyrir veturinn þar sem skráðir voru skipulags- og námskeiðsdagar. Var það sett inn í ársáætlun sem send var til allra foreldra á haustdögum. Sjá fylgiskjal 1.

Mánaðarlega er sent heim dagatal með matseðli og helstu viðburðum og fréttum. Sjá fylgiskjal 2.

Opnunartími leikskólans er frá 7:45-16:00.

2. Leikur og starf

Skipulagt starf fór af stað seinnipartinn í september. Meginþemað er: *Ég sjálfur, umhverfi mitt og náttúran*. Unnið er út frá því á margvíslegan hátt í leik og starfi. Í ársáætlun er fjallað nánar um starfið á deildunum.

Við höfum haft aðgang að íþróttahúsinu fjórum sinnum í viku og höfum nýtt það nokkuð vel. Einnig hefur verið farið með hópa í bókasafn Varmahlíðarskóla og fengnar lánaðar bækur.

Af og til er farið í skóginn hérna við hliðina, eða upp í skógræktina. Er það ýmist til að safna efnivið eða bara að njóta þess að vera úti í náttúrunni. Einnig hefur verið farið niður að Húseyjarkvíslinni.

Í febrúar fengum við tónlistarkennara í lið með okkur. Kristín Halla Bergsdóttir kom á mánudögum og tók elsta árganginn í tveimur hópum. Jóhanna Marín Óskarsdóttir kom á fimmtudögum og var með næst elsta árganginn í tveimur hópum. Komu þær í 4 skipti í febrúar og byrjun mars. Svo voru þær saman í eitt skipti með alla deildina. Var þá m.a. hlustað á sögu með tónlist. Tekið var hlé í mars en síðan haldið áfram með tónlistina í apríl og maí. Kristín Halla setti saman leikrit með tali og tónum sem elstu börnin æfðu og fluttu fyrir foreldra sína á lokadegi skólahópsvinnunnar.

Farið var af stað með verkefnið „Gaman saman“, sem hefur það að markmiði að auka samskipti milli Varmahlíðarskóla og

Birkilundar og auðvelda börnunum að flytjast á milli skólastiga. Eftirfarandi heimsóknir voru afrakstur þess verkefnis:

- mánudaginn 1. október kom 1. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn í garðinn eftir hádegisd.
- Miðvikudagana 10. og 24. október fóru börnin úr elsta árgangi leikskólans, 6 í hvort skipti, í heimsókn í heimilisfræðitíma hjá 5. bekk í Varmahlíðarskóla.
- Miðvikudag 17. október kom fyrsti bekkur Varmahlíðarskóla á náttfataball með elsta árgangi leikskólans milli kl 10 og 11.
- Mánudagana 5. og 19. nóvember fór elsti árgangurinn í heimsókn í Varmahlíðarskóla. Helmingurinn af hópnum fór í tölvutíma með 2. bekk, en hinn helmingurinn hitti Birgittu í bekkjarstofu 1. bekkjar og vann þar verkefni. Í seinna skiptið fóru þau börn í tölvutíma sem áður höfðu farið í bekkjarstofu og öfugt.
- Föstudag 16. nóvember, á degi íslenskrar tungu, komu börn í 7. bekk Varmahlíðarskóla og lásu sögur fyrir leikskólabörnin.
- Föstudaginn 30. nóvember kom 3. bekkur Varmahlíðarskóla ásamt Sigrúnu bekkjarkennara og Margréti tónlistarkennara og voru með tónlistarstund á eldri deildinni, þar sem börnin fengu að sjá og prófa nokkur hljóðfæri og svo var sungið og spilað.
- Miðvikudaginn 12. desember komu 4. og 5. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn. Fimmti bekkur las frumsamdar sögur fyrir börnin á eldri deildinni en fjórði bekkur söng og lék um 10 litla jólasveina fyrir börnin á yngri deildinni. Síðan komu allir saman á eldri deildinni og sungu nokkur jólalög saman. Í lokin spiluðu tvær stúlkur í 5. bekk saman eitt lag á fiðlu og þverflautu.
- Mánudaginn 17. desember fór elsti árgangur leikskólans í íþróttahúsið og var þar í íþróttatíma með tveimur bekkjum Varmahlíðarskóla, í Tarsanbraut, sem búið var að setja upp.

- Miðvikudaginn 19. desember fór elsti árgangur leikskólans og fékk að sjá hluta af því sem grunnskólabörnin voru búin að æfa fyrir litlu jólin.
- Föstudaginn 15. febrúar kom 6. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn og söng þorralög.
- Miðvikudagana 27. febrúar og 12. mars fór elsti árgangur leikskólans upp í Varmahlíðarskóla. Helmingurinn fór í myndlist með 7. bekk en hinn helmingurinn í smíðar með 9. bekk. Í seinna skiptið fóru þau í smíðar sem áður höfðu farið í myndlist og þau sem höfðu farið í myndlist fóru í smíðar.
- Föstudaginn 7. mars kom 7. bekkur Varmahlíðarskóla og las fyrir börnin og lék við þau.
- Fimmtudaginn 17. apríl kom 2. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn og lék sér við leikskólabörnin.
- Miðvikudaginn 23. apríl fór elsti árgangur leikskólans á generalprúfu fyrir árshátíð 1.-6. bekkjar Varmahlíðarskóla í íþróttahúsinu í Varmahlíð.
- Föstudaginn 2. maí fór elsti árgangurinn í gönguferð með 1. og 2. bekk Varmahlíðarskóla niður að Húseyjarkvísl, þar sem m.a. var kíkt á hrafnshreiðrið í Hestavígshamri neðan Víðimels.
- Föstudaginn 9. maí fór elsti árgangurinn í sund með 8. bekk Varmahlíðarskóla.
- Föstudaginn 23. maí var generalprufa á leikritinu um Maxímús fyrir leikskólabörnin og 1. bekk Varmahlíðarskóla.

Aðrir viðburðir tengdir leikskólanum voru eftirfarandi:

- Fimmtudaginn 20. september var farið í fjöruferð með næst elsta árgang leikskólans. Það var norðangola og frekar kalt en að öðru leiti var þetta góð ferð og tókst vel.
- Þriðjudaginn 9. október gengu eldri börnin á Reykjarhólinn.
- Miðvikudag 17. október var náttfatadagur. Þann dag var tekin stund á hverri deild til að skemmta sér í náttfötunum.

- Mánudaginn 29. október var rugldagur. Snéru fötin þá öfugt á einhvern hátt, eða sokkarnir voru ósamstæðir. Matartímarnir rugluðust líka eitthvað svo hádegismaturinn var að morgninum o.s.frv.
- Miðvikudag 7. nóvember kom lögreglumaður í heimsókn og sýndi börnum myndband, þar sem farið var í atriði sem skipta máli í umferðinni.
- Mánudag 12. nóvember var hattadagur.
- Föstudaginn 23. nóvember kom Anna Leoniak og tók andlitsmyndir af börnunum. Sumar þessara mynda birtust á sýningu á Listahátíð í Reykjavík. Var þetta útiverk sett saman úr u.þ.b. 1000 andlitsmyndum af börnum á leikskólaaldri sem komið var fyrir á horni Lækjagötu og Austurstrætis. Þessi sýning á að standa uppi fram í setpember.
- Foreldrafélagið stóð fyrir jólaföndri miðvikudaginn 5. desember frá kl 16-18. Tókst það ágætlega.
- Fimmtudaginn 20. desember var haldið jólaball fyrir öll börnin og voru foreldrar og systkini líka boðin. Var það haldið í Varmahlíðarskóla þar sem ekki er rúm fyrir allan þennan fjölda í okkar húsnæði. Var mjög góð mæting og aðeins tvö leikskólabörn sem ekki komu. Stefán Gíslason spilaði á harmonikku, tveir jólasveinar mættu á staðinn með gott í poka og síðan var boðið upp á kaffi, svala og piparkökur.
- Í tilefni af 9 ára afmæli leikskólans var opið hús frá kl 13-16 þriðjudaginn 29. janúar. Boðið var upp á kaffi og vöfflur. Þónokkuð margir gáfu sér tíma til að koma og spjalla.
- Á öskudaginn, 6. febrúar, vorum við með grímuball fyrir öll börnin milli kl 10 og 11. Góð mæting var. Deildirnar voru hver fyrir sig eins og í fyrra, og gafst það ágætlega. Það var snakk í tunnunni og auk þess litabækur og litir frá Kaupþingi.
- Í ár var í fyrsta sinn haldið upp á dag leikskólans 6. febrúar, en þar sem hann bar upp á öskudaginn gerðum við ekkert í tilefni hans.

- Föstudaginn 7. mars var furðufatadagur hjá okkur og voru margvíslegar flíkurnar þann daginn.
- Þriðjudaginn 15. apríl fórum við með öll börnin (sem voru mætt) upp í Varmahlíðarskóla og tókum þar á móti Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands og Dorrit, konu hans, ásamt börnum og starfsfólki Varmahlíðarskóla.
- Myndlistarsýning var að þessu sinni laugardaginn 19. apríl frá kl 13:30-17:00. Foreldrafélagið sá um kaffi. Voru það um 90 manns sem mættu á sýninguna. Þar sem mjög fámennt var fyrsta klukkutímann reiknum við með að hafa þetta heldur seinna að deginum næst.
- Miðvikudaginn 23. apríl fór eldri árgangurinn af yngri deildinni (árg. 2004) upp í Víðimýri og skoðaði þar kirkjuna og garðinn.
- Mánudaginn 28. apríl var farið í sveitferð með öll börnin sem voru í leikskólanum. Það voru skoðaðir kiðlingar, lömb og hestar á Dýrfinnustöðum og síðan farið í fjósið á Flugumýri. Gekk ferðin vel og er stefnt að því að þetta verði árlegur viðburður.
- Kl. 14 þennan sama dag fórum við með þau börn sem þá voru í okkar umsjá upp í Íþróttahúsið í Varmahlíð á sælúvikusýningu í boði Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Það var brúðuleikritið: „Klókur ertu Einar Áskell“ sem Bernd Ogrodnik flutti. Þetta var vönduð og vel fram sett sýning sem náði vel til barnanna.
- Þriðjudaginn 13. maí fórum við í íþróttahús Varmahlíðar með öll börn sem voru í leikskólanum þann dag á tónlistardagskrá sem nefndist: Töfraveröld tóna og hljóða. Það voru tveir hljóðfæraleiksrar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands sem fluttu dagskrá í tali og tónum.
- Miðvikudaginn 21. maí fór elsti árgangurinn í heimsókn í Byggðasafnið í Glaumbæ, þar sem Sirrý sýndi þeim það markverðasta sem þar var að sjá. Á eftir borðuðu þau í K.S.Varmahlíð.
- Mánudaginn 26. maí kl 13:30 var útskrift úr skólahóp. Foreldrum elstu barnanna var boðið að koma. Börnin fluttu

leikritið um Maxímús, sungu nokkur lög og fengu afhent kveðjuskjal og eina rós. Boðið var upp á kaffi og meðlæti.

- Miðvikudaginn 28. maí var Reykjarhólsdagur. Þann dag var gengið á Reykjarhólinn með svala í nesti.
- Fimmtudaginn 5. júní stóð foreldrfélagið fyrir sumarhátíð frá kl 16 til 18. Mæting var góð en hellidemba kom um hálf 5 þannig að ekki var farið í leiki. Pylsurnar voru grillaðar og allir voru ánægðir.
- Í byrjun júní voru settar niður kartöflur.
- Fimmtudaginn 26. júní var hjóladagur. Komu börnin þá með hjól af ýmsu tagi og flest með hjálma líka.

3. Nemendafjöldi

1. des. 2007

Aldur	Meðalnýting		Fjöldi			Dvalarst.	Dvalarg.
	F.h.	E.h.	Drengir	Stúlkur	Alls		
Árg. 2002	10,4	5,4	5	7	12	68,1	6,8
Árg. 2003	11,2	4,4	5	7	12	74,7	9,3
Árg. 2004	6,6	4,0	6	2	8	46,3	7,5
Árg. 2005	6,8	5,8	4	5	9	54,1	10,8
Árg. 2006	0,0	0,0	0	0	0	0,0	0,0
	35	19,6	20	21	41	243,2	34,4

4. Starfsmannahald

1. des 2007

	Starfsfólk alls		Starfsfólk í starfi		Veikindafrí	
	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.
Leikskólakennarar	5	4,54	5	4,54		
Ófagl. starfsmenn	6	4,05	5	3,65	1	0,4
Eldhús	1	0,75	1	0,75		
Ræsting	1	0,38	1	0,38		
Alls	13	9,72	12	9,32	1	0,4

Einn starfmaður var í veikindafríi í 4 mánuði, frá september til desemberloka. Síðan fór einn starfsmaður í fæðingarorlof 1. mars.

5. Aðalnámskrá leikskóla

Unnið er eftir aðalnámskrá leikskóla og er megin efni hennar komið til framkvæmda.

6. Skólanámskrá

Skólanámskráin, sem var að mestu leiti unnin í júní, var lögð fyrir starfsmannahópinn í haust og sett á prent eftir það. Er hún nú til í nokkrum eintökum í leikskólanum. Eftir er að kynna hana fyrir foreldrum og gera hana aðgengilega. Er næsta verkefni að setja upp heimasíðu fyrir leikskólann svo gögn er snerta hann geti verið aðgengileg fyrir alla.

7. Annað skipulag

Sérkennsla hefur verið að aukast hjá okkur. Inga Huld talmeinafræðingur hefur komið nokkrum sinnum. Það eru 9 börn sem hún hefur hitt. Sum aðeins einu sinni en önnur oft. Hún hefur gefið okkur góð ráð og leiðbeiningar um hvernig hægt er að vinna með börnin. Er það mikil framför frá því ófremdarástandi sem verið hefur á þessu sviði undanfarin ár. Hafa verið settir saman málörvunarhópar til að vinna sérstaklega með þau börn sem hafa þurft á því að halda.

Stúlka með Downs-heilkenni hefur verið með stuðningsaðila og fengið sérkennslu. Er ýmist unnið með hana í barnahópnum eða eina. Dóra Heiða þroskaþjálfari hefur verið okkur til leiðsagnar. Teymisfundir voru haldnir 27. september, 8. janúar, 12. febrúar, 8. apríl og 9. júní þar sem hittust Dóra Heiða þroskaþjálfari, Fanney sjúkraþjálfari, Inga Huld talmeinafræðingur, Guðbjörg stuðningsaðili, Sigríður deildarstjóri og Steinunn leikskólustjóri auk foreldra og ræddu stöðu barnsins og framhald þjálfunar. Fór stúlkan í endurmat á Greiningarstöð Ríkisins í lok apríl og verður skilafundur vegna þess væntanlega í ágúst.

Nú í vor var einnig farið að vinna sérstaklega með dreng sem var greindur á einhverfurófi hjá teymi á Akureyri í desember.

Sett var upp myndræn stundaskrá fyrir hann og unnið með ákveðin verkefni. Þessi drengur fór á Greiningarstöð ríkisins núna í júní í nánari greiningu.

Eyrún Berta Guðmundsdóttir og Elín Berglind Guðmundsdóttir, nemar á 4. ári í fjarnámi í leikskólafræðum við Háskólann á Akureyri, voru í verknámi hjá okkur í 10. vikur, frá 28. ágúst til 2. nóvember. Elín Berglind var undir handleiðslu Sigríðar Helgadóttur á yngri deildinni, en Eyrún Berta hjá Lindu Björnsdóttur á eldri deildinni.

8. Fundir og önnur samskipti

Almennur foreldrafundur var þriðjudaginn 2. október. Selma Barðdal kom og sagði frá sínu starfi sem uppeldis- og sálfræðiráðgjafi hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Síðan voru almennar umræður um vetrarstarfið og starfsemi foreldrafélagsins.

Foreldrar voru boðaðir í einstaklingsviðtöl hjá deildarstjórum/leikskólakennurum í janúar og febrúar þar sem farið var yfir stöðu barnanna í leikskólanum og annað sem snerti veru þeirra hér.

Í vetur hafa verið haldnir deildarstjórafundir reglulega. Var stefnt að því að hafa þá einu sinni í viku en nokkur skipti hafa fallið niður vegna forfalla. Voru alls haldnir 28 deildarstjórafundir á starfstímanum og voru þeir allir innan venjulegs vinnutíma.

Starfsmanna- og deildafundir hafa verið haldnir á 3 - 4 vikna fresti og voru þeir alls 10. Hafa þeir verið haldnir kl 16-19, til skiptis á þriðjudögum og fimmtudögum.

Leikskólastjórar allra leikskólanna í Skagafirði hafa hist reglulega, ýmist með Rúnari eða á vinnufundi. Fyrir áramót voru 4 slíkir fundir, en eftir áramót voru 11 fundir. Voru aðstoðarleikskólastjórar/staðgenglar með á mörgum af þessum fundum. Eftir áramót fóru margir fundir í vinnu við Handbók sérkennslustjóra, sem við keyptum á Akranesi og þurftum síðan að

aðlaga að því sem við á í Skagafirði. Einnig voru vinnufundir vegna skólastefnunnar, til að setja inn í hana leiðir fyrir leikskólann.

Þriðjudaginn 30. og miðvikudaginn 31. október fóru Steinunn og Sigríður Helgadóttir ásamt Rúnari skólamálastjóra og stjórnendum hinna leikskólanna í Skagafirði í Borgarfjörð og á Akranes að kynna sér leikskólamál og skoða leikskóla.

Föstudaginn 25. apríl fóru Steinunn, Sigríður Halldóra og Linda í skólaheimsóknir á Akranes. Heimsóttir voru leikskólarnir Vallarsel og Garðasel og grunnskólinn Grundaskóli. Markmiðið var að kynna sér samstarf leik- og grunnskóla.

Þriðjudaginn 27. maí fóru Steinunn og Sigríður Halldóra á kynningar- og vinnufund um vinaverkefni. Voru boðaðir til þess fundar fulltrúar grunnskóla, leikskóla, foreldrafélaga og foreldraráða, ípróttahreyfingar og tómstundastarfs í Skagafirði.

Dagana 10.-13. júní fóru Steinunn og Sigríður Helgadóttir ásamt öðrum stjórnendum úr leikskólum Skagafjarðar á Vestfirði að skoða leikskóla og kynna sér skipulag þar.

Í júní fór starfsfólk Birkilundar að skoða leikskólann á Blönduósi og Skagaströnd. Starfsfólki var skipt í 3 hópa sem fóru hver sinn daginn eftir að börnum fór að fækka í leikskólanum.

9. Símenntun

Skipulagsdagur að hausti var mánudaginn 27. ágúst. Fyrir hádegi voru Gunnar Sandholt félagsmálastjóri og Aðalbjörg Hallmundsdóttir félagsráðgjafi með námskeið um baranaverndarmál. Var þetta námskeið sameiginlegt með Varmahlíðarskóla. Eftir hádegi kom Þóra Björk í leikskólann og kynnti fyrir okkur sjálfsmatskerfið: „Barnið í brennidepli“.

Boðað var til haustþings í Ljósheimum fyrir starfsfólk leikskóla á norðurlandi vestra föstudaginn 21. september 2007. Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur, fjallaði um samskiptaleikni og erfið samskipt. Hann fór yfir atriði sem einkenna jákvæð og árangursrík samskipti. Hann fjallaði einnig um leiðir til að ná

markmiðum, hvernig við byggjum upp sjálfstraust í samskiptum og hvernig við getum haft jákvæð áhrif á aðra í þeim efnum.

Þriðjudaginn 2. október var Linda á trúnaðarmannanámskeiði á vegum FL, sem haldið var á Akureyri.

Þriðjudaginn 9. október fóru Guðbjörg, Hanna og Selma á grunnnámskeið í Tákni með tali, sem haldið var á Akureyri.

Miðvikudaginn 10. október kom Dóra Heiða, þroskaþjálfari á starfsmannafund og ræddi um TMT og af hverju við erum að nota það.

Þriðjudaginn 20. og miðvikudaginn 21. nóvember fóru Drífa og Sigríður Helgadóttir á námskeið fyrir öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn.

Fimmtudaginn 29. nóvember fór Guðbjörg á fyrirlestur um hugmyndafræði Iréne Johanson, Karlstad módelið, sem haldinn var á Akureyri.

Mánudaginn 10. desember fóru Guðbjörg og Linda á námskeið í Íslenska þroskalistanum, sem fengið var til Sauðárkróks á vegum leikskólanna.

Fimmtudaginn 24. janúar kom Dóra Heiða, þroskaþjálfari, á starfsmannafund með fyrirlestur um einhverfu.

Sameiginlegur námskeiðsdagur leikskólanna í Skagafirði var þriðjudaginn 19. febrúar. Það var Húgó Þórisson sálfræðingur sem ræddi við okkur um samskipti í leikskólum.

Miðvikudaginn 12. mars fóru Linda Björnsdóttir, Sigríður H. Sveinsdóttir og Sigríður Helgadóttir á „Ráð við reiði - vinnustofa fyrir starfsfólk grunn- og leikskóla“, sem við fengum í fjarfundabúnað á Sauðárkrók.

Þriðjudaginn 25. mars var skipulagsdagur. Fyrir hádegi var unnið að skipulagningu og innra mati í leikskólanum en eftir hádegi var sameiginlegur fundur leikskólanna í Skagafirði, þar sem Elva Haraldsdóttir leikskólasérkennsluráðgjafi og Sesselía Sigurðardóttir leikskólaráðgjafi komu frá Akureyri og sögðu okkur frá reynslu sinni af því að innleiða PMT í leikskóla.

Fimmtudaginn 3. apríl kom Karl Lúðvíksson á starfsmannafund í Birkilundi og var með námskeið í endurlífgun og aðkomu að slysi.

Fimmtudaginn 15. maí fóru Steinunn og Sigríður Helgadóttir á námstefnu um útinám, sem haldin var á Sauðárkróki.

10. Tölvumál

Sett hefur verið upp þráðlaust netsamband í leikskólanum. Nettengd tölva er á skrifstofu leikskólastjóra. Í tengslum við verkefnið „Gaman-saman“ fékk Birkilundur 230 þús. kr styrk til tækjakaupa úr sjóðnum „Sáttmáli til sóknar í skólamálu í Skagafirði“. Var keypt fartölva sem er nettengd, með DVD drif og skrifara. Einnig var keypt vídeóvél og stafræn myndavél þannig að möguleikar til myndvinnslu og samskipta hafa aukist til muna. Keyptar voru ein borðtölva og ein fartölva fyrir þann pening sem var á fjárhagsáætlun. Hafa þær nýst starfsfólki til undirbúnings.

11. Próunarverkefni

Farið var af stað með verkefnið „Gaman saman“, sem hefur það að markmiði að auka samskipti milli Varmahlíðarskóla og Birkilundar og auðvelda börnunum að flytjast á milli skólastiga. Verkefnið er hugsað sem próunarverkefni til tveggja ára og felst í gagnkvæmum heimsóknnum milli skólanna. Fulltrúar í skipulagshóp voru Birgitta Sveinsdóttir og Helga Sjöfn Helgadóttir frá Varmahlíðarskóla en frá Birkilundi voru Linda Björnsdóttir, Sigríður Sveinsdóttir og Steinunn Arnljótsdóttir. Hefur þessi hópur hist nokkrum sinnum til þess að móta samskiptin og semja umsókn í sjóðinn: „Sáttmáli til sóknar ...“. Fengum við úthlutað úr þeim sjóði 500 þús. í desember 2007. Í apríl fór þessi hópur í heimsókn á Akranes til að kynna sér samstarf leik- og grunnskóla þar, sem löng hefð er fyrir.

12. Mat á skólastarfi

Í haust fengum við Þóru Björk til að kynna fyrir okkur matslistann „Barnið í brennidepli“. Höfum við síðan tekið fyrir ákveðna þætti í honum á starfsmannafundum, eftir því sem tími hefur gefist. *Sjá fylgiskjal 3.*

15. Framkvæmdir

Neðri hluti lóðarinnar var endurunninn síðastliðið sumar. Skipt var um jarðveg og sett grús undir alls staðar. Þá bættist einnig við róla, sem hentar börnum frá eins árs aldri. Var hún keypt fyrir gjafafé frá kvenfélögum Akra-, Lýtingsstaða-, Seylu- og Staðarhrepps. Frostlyfting var með minnsta móti og skapaði enga hættu. Stórir pollar mynduðust þó í kring um sandkassann í leysingum.

Settur var upp milliveggur á eldri deildinni í sumarlokuninni. Hefur það gjörbreytt allri aðstöðu til að vinna með minni hópa á deildinni.

Hitalagnir í stétt hafa ekkert nýst þar sem kerfið hefur ekki verið í gangi síðan síðastliðið vor þegar þurfti að gera við lofttúðu í þvotthúsi.

16. Gjafir

Foreldrafélagið færði leikskólanum að gjöf 65.000 kr til leikfangakaupa. Voru keyptir fyrir það 4 kassar af LEGÓkubbum og hljóðaspil með hljóðum húsdýra, villtra dýra og náttúruhljóð.

Við tiltekt í Akraskóla fengum við rúmlega 100 bókartitla ásamt ýmiskonar föndurefni. Þykir okkur mikill fengur að þessu og þökkum kærlega fyrir okkur.

Varmahlíð 3. júlí 2008

Steinunn Arnljótsdóttir